

Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
07.05.2015

170. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 7. maí kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Arni Pétur Hilmarsson, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Fræðslunefndar frá 28.04.2015
2. Fundargerð Leigufélags Hvamms frá 13.04.2015
3. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs – drög
4. Aðalfundarboð MMP
5. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – tilnefning fulltrúa
6. Verslunar- og þjónustuhúsið í Vaglaskógi – erindi
7. Málefni félagsheimila í Þingeyjarsveit

1. Fundargerð Fræðslunefndar frá 28.04.2015

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 28. apríl s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er fimm liðum.

Varðandi 4. lið fundargerðar; Rekstrarniðurstaða skólans á síðasta ári og staða deilda nú.

Sveitarstjóra og formanni Fræðslunefndar falið að fara yfir rekstrastöðu leikskóladeildar Tjarnaskjól og gera grein fyrir niðurstöðu á næsta fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

2. Fundargerð Leigufélags Hvamms frá 13.04.2015

Lögð fram fundargerð Leigufélags Hvamms frá 13. apríl s.l. þar sem stjórn félagsins óskar eftir yfirlýsingu frá eigendum (sveitarfélögunum) þess efnis að sveitarfélögin styðji áfram við rekstur félagsins.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að tryggja rekstur Leigufélags Hvamms ehf. út árið 2015, enda verði yfirdráttur félagsins að fullu nýttur til þess.

3. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs – drög

Tekin til umfjöllunar drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi sem þriggja manna verkefnisstjórn hefur unnið að í samræmi við samning milli sorpsamlaga á svæðinu og sveitarfélagsins Húnaþingi vestra, dags. 8. mars 2012, um gerð

sameiginlegrar svæðisáætlunar fyrir allt Norðurland.

Sveitarstjórn samþykkir að fela verkefnisstjórn að auglýsa áætlunina fyrir hönd sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum og í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Jafnframt verði verkefnisstjórn falið að taka við athugasemdum sem berast á umsagnartíma.

4. Aðalfundarboð MMP

Lagt fram fundarboð á aðalfund Menningarmiðstöðvar Þingeyinga 2015 sem haldinn verður þann 8. maí n.k. í Sauðaneshúsi á Langanesi.

Samþykkt að oddviti fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundunum.

5. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið – tilnefning fulltrúa

Fyrir fundinum liggur bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dags. 28. apríl s.l. þar sem óskað er eftir að Þingeyjarsveit tilnefni fulltrúa í svæðisráð fyrir Rekstrarsvæði 1 og 4 í Vatnajökulshjóðgarði. Samkv. 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008 skal tilnefna bæði karl og konu.

Samþykkt að tilnefna Ásvald Ævar Þormóðsson sem fulltrúa í svæðisráð fyrir Rekstrarsvæði 1 og Heiðu Guðmundsdóttur sem fulltrúa í svæðisráð fyrir Rekstrarsvæði 4 í Vatnajökulshjóðgarði fyrir Þingeyjarsveit.

6. Verslunar- og þjónustuhúsið í Vaglaskógi – erindi

Lagt fram erindi frá Kristni Inga Péturssyni, dags. 29. apríl s.l. þar sem hann óskar eftir að kaupa verslunar og þjónustuhús í Vaglaskógi af sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

7. Málefni félagsheimila í Þingeyjarsveit

Tekið til umræðu málefni og rekstrarfyrirkomulag félagsheimilanna í sveitarfélaginu.

Samþykkt að fela Félags- og menningarmálanefndar að gera úttekt á starfsemi félagsheimilanna og skila sveitarstjórn tillögu fyrri 1. júní n.k. um rekstrarfyrirkomulag þeirra.

Lagt fram til kynningar:

- a. Fundargerð stjórnar Leigufélags Hvamms frá 29.04.2015
- b. Fundargerð stjórnar DA frá 29.04.2015
- c. Verkefni ársins og fjárhagsáætlun MMP 2015
- d. Árbók Þingeyinga – ársreikningur 2014

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:16

Viðskiptavinir athugið!!

Vegna breytinga í verslun erum við með rýmingarsölu á herrafatnaði!!

40% afsláttur af völdum herrafatnaði

t.d fermingarjakkaföt og stakar stærðir í herrafatnaði!!
tilboðið gildir til 23 maí.nk.

Full búð af fallegum sumarlegum dömufatnaði,
fra Soya concept,cult,5.units,saint tropes,Desigual, og fleirum

Verið velkomin

Töff Föt ehf
Garðarsbraut 62
640 Húsavík
sími 4642727

DALAKOFINN

Dalasvar verður miðvikudagskvöldið 13. maí kl. 21.00.
Spyrill Karl Pálsson Víðikeri. Eftir Dalasvar ætlar Hárbandið að halda uppi fjöri og flytja eigið efni. Hárbandið skipa Hörður Benónýsson, Sigurður Illugason, Kristján Halldórsson og Þórgnýr Valþórsson. Aðgangseyrir 1000 kr, enginn posi.
Hvetjum alla til að mæta og fagna sumri.

Opið mánudaga til laugardaga frá 10 - 20
sunnudaga frá 12 – 20.

Verið ávallt velkomin!

Dalakofinn / Útibú ehf. dalakofinn.is
s. 464-3344/ 464-3355

19.tbl.
13. maí
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Frá tónlistardeild Stórutjarnaskóla

Innritun í tónlistardeild Stórutjarnaskóla
fyrir skólaárið 2015-2016

stendur yfir til **föstudags 22.maí 2015**

Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans,
www.storutjarnaskoli.is

Deildarstjóri

Kæru handverksskonur í Bárunum

Nú er ég búin að senda út vinnuferli okkar fyrir sumarið.
Ef einhverjar ykkar hafa ekki fengið það í tölvurnar sínar bið ég þær að hafa samband við mig og eins ef eitthvað er við það að athuga.

Konur sem gefa kost á sér að vinna fyrir okkur eru:

Sigrún Hringsdóttir Lundarbrekku
Sæunn Gestsdóttir Eyjardalsá
Elín Sigurbjörnsdóttir Hlíð

Bestu kveðjur
Guðrún á Mýri s: 464 3111